



Eftirfylgni: Náttúruminjasafn Íslands

Maí 2015

Efnisyfirlit

Niðurstöður og ítrekuð ábending	3
Viðbrögð við ábendingu	5
1 Inngangur	6
2 Náttúruminjasafn Íslands	7
2.1 Útdráttur úr skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2012	7
2.2 Viðbrögð við ábendingum og mat á þeim	8
2.3 Þróun og staða mála árið 2015	11
2.4 Framtíðarhorfur	15

Forsíðumyndina málaði Benedikt Gröndal, náttúrufræðingur, skáld og fyrsti forstöðumaður Náttúrugripasafnsins í Reykjavík (d. 1907). Ljósmyndin var fengin hjá Náttúruminjasafni Íslands.

Niðurstöður og ítrekuð ábending

Náttúruminjasafn Íslands var stofnað með lögum nr. 35/2007. Það er höfuðsafn á sviði náttúrufræða og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Í skýrslunni *Náttúruminjasafn Íslands* (2012) hvatti Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að taka ákvörðun um starfsemi safnsins til framtíðar, uppbyggingu þess og umfang. Hvorki lægi fyrir stefna um starfsemi þess né árangursstjórnunarsamningur milli þess og ráðuneytisins. Þá væri safnkostur þess takmarkaður, húsnæðismál ótrygg og engin sýning hefði verið sett upp á vegum þess eða í samvinnu við aðra. Árlegar fjárveitingar til safnsins á tímabilinu 2007–11 hefðu rétt nægt fyrir lágmarkskostnaði. Það uppfyllti því engan veginn lögbundnar skyldur sínar. Ríkisendurskoðun taldi að hluti vandans hefði verið fyrir-sjáanlegur þegar lög um safnið voru sett og minnti m.a. á umsögn fjármálaráðuneytis um að engar áætlanir lægju fyrir um uppbyggingu þess og rekstur.

Í skýrslunni kom auk þess fram að engin samvinna væri milli Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands þó að lög um safnið gerðu ráð fyrir nánu samstarfi þeirra. Ekki hefði heldur náðst samkomulag um skiptingu safngripa sem Náttúrufræðistofnun varðveitti en báðar stofnanirnar gerðu tilkall til. Vegna þessa hefði Náttúruminjasafn Íslands hafið söfnun sambærilegra gripa. Ríkisendurskoðun benti einnig á að verkefni stofnananna sköruðust. Báðum væri ætlað að safna, skrá, varðveita og rannsaka muni úr íslenskri náttúru og miðla þekkingu um þá til skóla, fjölmiðla og almennings. Þá væri báðum gefinn kostur á að koma að sýningahaldi. Ríkisendurskoðun taldi að við setningu laga um Náttúruminjasafn Íslands hefði þurft að endurskoða lög nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur til að tryggja gott samstarf og samvinnu þeirra.

Ríkisendurskoðun beindi tveimur ábendingum til mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2012. Sú fyrri laut að því að móta þyrfti framtíðarstefnu fyrir Náttúruminjasafn Íslands. Í þeirri seinni var vakin athygli á nauðsyn þess að vanda til verka þegar ný löggjöf væri sett og nýjum stofnunum komið á fót. Þá væri grundvallaratriði að vilji og stefna stjórnvalda kæmu skýrt fram og að lög og fjárveitingar væru í samræmi við þann vilja og þá stefnu.

Í viðbrögðum sínum við ábendingunum árið 2012 tók ráðuneytið undir að ljúka þyrfti stefnumótun fyrir Náttúruminjasafn Íslands og tryggja nægt fé til starfseminnar. Framtíðarsýn þess fyrir hönd safnsins væri að því yrði gert kleift að sinna lögbundnu hlutverki sínu sem höfuðsafn með sóma þar sem áhersla væri lögð á þekkingarmiðlun sem tæki mið af væntingum manna á 21. öld. Ráðuneytið var einnig sammála því að vanda þyrfti til verka þegar ný löggjöf væri sett. Málefni safnsins hefðu að sumu leyti þróast á annan veg en gert hefði verið ráð fyrir og mætti því skoða hvort lögin hefðu reynst nógu vel.

Könnun Ríkisendurskoðunar árið 2015 leiddi í ljós að ekki hefur verið brugðist við ábendingu stofnunarinnar um mótun framtíðarstefnu fyrir Náttúruminjasafn Íslands.

Náttúruminjasafn Íslands uppfyllti ekki lögbundnar skyldur sínar

Engin samvinna var milli safnsins og Náttúrufræðistofnunar

Ljúka þyrfti við stefnumótun og vanda laga-setningu

Ráðuneytið tók undir ábendingar Ríkisendurskoðunar

Enn skortir framtíðarstefnu

Safnið er rekið án formlegrar stefnu og af vanefnum og starfsemi þess uppfyllir ekki þær skyldur sem því eru settar í lögum um safnið og í safnalögum nr. 141/2011. Starfsemi þess undanfarin ár vitnar þó um eindreginn vilja til að auka veg þess og festa það í sessi. Samstarfi við aðrar stofnanir og fagaðila um rannsóknir, miðlun og sýningahaldi hefur verið komið á og fallið hefur verið frá skipulagðri söfnun náttúrugripa.

Enn eru hnökrar á samstarfi safnsins og Náttúrufræðistofnunar

Þrátt fyrir tilraunir til úrbóta eru enn hnökrar á samstarfi Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þeir stafa sem fyrr af skörun verkefna og óljósu forræði yfir þeim munum og minjum sem varðveitt eru í söfnum Náttúrufræðistofnunar. Að auki hafa fjárhagslegir burðir Náttúruminjasafns Íslands takmarkað getu þess til að efna að fullu sinn hluta af samkomulagi stofnananna um umsjón þess með útlánum sýningargripa. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að lagarammi stofnananna verði endurskoðaður og skýrara kveðið á um hlutverk og skyldur hvorrar um sig.

Ekkert húsnæði fyrir grunnsýningu og skrifstofuaðstaða ótrygg

Að undanfögnu hefur Náttúruminjasafn Íslands lagt áherslu á að tryggja starfsemi sinni viðunandi húsnæði til sýningahalds. Þar hefur einkum verið litið til Perlunnar í Reykjavík. Safnið og Reykjavíkurborg undirrituðu samning um leigu þess húsnæðis í mars 2013 en ekkert varð úr sýningahaldi þar sem Alþingi veitti safninu ekki fé til verkefnisins. Í framhaldinu var reynt að fá fjárfesta að verkefninu en þær umleitanir báru ekki heldur árangur. Sem fyrr hefur safnið því ekkert húsnæði fyrir grunnsýningu um náttúru Íslands, hvorki á eigin vegum né í samstarfi við aðra. Skrifstofuaðstaða þess er einnig ótrygg eftir að leigusamningi þess um aðstöðu í Loftskýtastöðinni var sagt upp.

Setja þarf safninu markmið og raunhæfa stefnu

Að mati Ríkisendurskoðunar er viðunandi húsnæði ein helsta forsenda þess að Náttúruminjasafn Íslands geti sinnt verkefnum sínum og skyldum. Eitt og sér tryggir það þó ekki að safnið geti sinnt skyldum sínum. Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að tekið verði af skarið um hvernig öllum lögbundnum verkefnum þess verði sinnt til lengri tíma litið. Það verður ekki gert nema með skýrum markmiðum og raunhæfri stefnu sem nýtur stuðnings bæði mennta- og menningarmálaráðuneytis og fjárveitingarvaldsins. Að öðrum kosti hlýtur að koma til álita að endurskoða stöðu safnsins sem sérstakrar stofnunar.

Ábending frá 2012 um mikilvægi framtíðarstefnu ítrekuð

Ríkisendurskoðun ítrekar ábendingu sína um að Náttúruminjasafni Íslands sé sett framtíðarstefna og hvetur mennta- og menningarmálaráðuneyti til að ljúka þeirri vinnu sem fyrst í samráði við forstöðumann safnsins. Ríkisendurskoðun hvetur ráðuneytið einnig til að vanda áfram til verka þegar nýjum stofnunum er komið á fót. Mikilvægt er að þeir annmarkar sem voru á stofnun Náttúruminjasafns Íslands á sínum tíma og hafa sett mark sitt á starfsemi þess endurtaki sig ekki í framtíðinni.

Ítrekuð ábending til mennta- og menningarmálaráðuneytis

1. Móta þarf framtíðarstefnu fyrir Náttúruminjasafn Íslands

Mikilvægt er að mótuð verði framtíðarstefna fyrir Náttúruminjasafn Íslands þar sem sérstaklega verði horft til þess hvernig safnið geti sem best sinnt lögbundnum verkefnum sínum. Jafnframt ber að líta til þess hvernig íslenska ríkið geti sem best nýtt þá fjármuni sem það veitir til safnastarfa og þá aðstöðu og sérfræðipækkingu sem ríkisstofnanir búa yfir.

Viðbrögð við ábendingu

Viðbrögð mennta- og menningarmálaráðuneytis

1. Móta þarf framtíðarstefnu fyrir Náttúruminjasafn Íslands

„Mikil vinna hefur farið fram í mennta- og menningarmálaráðuneytinu í málefnum Náttúruminjasafns Íslands frá útgáfu skýrslu Ríkisendurskoðunar, *Náttúruminjasafn Íslands*, árið 2012. Sú vinna hefur m.a. falist í samráði við allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um málefni safnsins, en einkum hefur verið unnið að athugunum á möguleika þess að sett yrði upp sýning á náttúruminum í Perlunni í Reykjavík. Ekki hefur verið fengin niðurstaða í því máli, en vegna mikilvægis verkefnisins fyrir starfsemi safnsins hefur frekari vinna við framtíðarstefnu fyrir það verið látin bíða þar til hún verður ljós.

Við mörkun stefnu í málefnum Náttúruminjasafnsins koma einnig til álita tillögur sem komu fram í skýrslu hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar frá 11. nóvember 2013, en þar er m.a. að finna tillögur sem snúa að söfnum sem rekin eru á vegum ríkisins. Innan ráðuneytisins hafa verið ræddar hugmyndir um mögulegar breytingar á fyrirkomulagi safna í eigu ríkisins á þeim grundvelli, sem ótímabært er að rekja á þessu stigi, en sem mundu óhjákvæmilega hafa áhrif á þá mörkun heildarstefnu í málefnum Náttúruminjasafns Íslands, sem Ríkisendurskoðun ítrekar ábendingu um.“

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis sem sækir heimild sína til stjórnsluendurskoðunar í 9. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Slík endurskoðun felst í að kanna meðferð og nýtingu á almannafé, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri ríkisstofnana og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í því sambandi. Ríkisendurskoðun gerir hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum, vekur athygli á því sem hún telur hafa úrskaiðis í rekstri og bendir á hvað athuga þurfi með tilliti til úrbóta.

Ábendingum fylgt eftir þremur árum eftir útgáfu skýrslu

Í samræmi við staðal Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) um stjórnsluendurskoðun (ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun hverri úttekt sinni eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum hennar. Í því sambandi leggur stofnunin megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi. Slík eftirfylgni fer alla jafna fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslu.

Í þessari úttekt fylgdi Ríkisendurskoðun eftir ábendingum sínum í skýrslunni *Náttúruminjasafn Íslands* (janúar 2012). Við mat á því hvort þær hefðu leitt til æskilegra umbóta var aflagð upplýsinga og gagna frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og Náttúruminjasafni Íslands. Einnig var fundað með forstöðumanni safnsins og fulltrúa ráðuneytisins.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Náttúruminjasafn Íslands fengu drög að skýrslunni til umsagnar, auk þess sem sérstaklega var óskað eftir viðbrögðum ráðuneytisins við þeirri ábendingu sem er ítrekuð í þess garð. Þau eru birt í kaflanum „Viðbrögð við ábendingu“ hér að framan. Ríkisendurskoðun þakkar þeim sem veittu upplýsingar og aðstoð við vinnslu úttektarinnar.

2 Náttúruminjasafn Íslands

2.1 Útdráttur úr skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2012

Náttúruminjasafn Íslands var stofnað með lögum nr. 35/2007 sem höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Það heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti og skal vera miðstöð safnastarfsemi á sérsviði sínu, vera öðrum náttúruminjasöfnum til ráðgjafar og stuðla að samvinnu þeirra og samræmdri safnastefnu. Einnig er því ætlað að varpa ljósi á náttúru Íslands og náttúrusögu, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, safna munum sem henta starfsemi þess, skrá þá og varðveita. Loks skal það sinna rannsóknum á starfssviði sínu.

Í skýrslu sinni [Náttúruminjasafn Íslands](#) (janúar 2012) vakti Ríkisendurskoðun athygli á að þótt safnið hefði verið starfrækt í hátt á fimmta ár væri það enn á byrjunarreit. Frá upphafi, þ.e. á tímabilinu 2007–11, hefðu árlegar fjárveitingar til þess að jafnaði numið um 24,5 m.kr. sem einungis nægðu til greiðslu launa safnstjóra og aðstoðarmanns auk minniháttar útgjalda. Stefna fyrir það lægi ekki fyrir og ekki hefði verið gerður við það árangursstjórnunarsamningur. Því væri komið fyrir í bráðabirgðahúsnæði og aðstaða þar til að varðveita, skrá, rannsaka og sýna þá fáu gripi sem það hefði yfir að ráða væri ófullnægjandi. Safnið uppfyllti því engan veginn lögbundnar skyldur sínar.

Í skýrslunni var einnig vakin athygli á samstarfsörðugleikum Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands sem ætti að vera vísindalegur og faglegur bakhjarl safnsins. Engin samvinna væri milli stofnananna þrátt fyrir lagatilmæli um að þær hefðu með sér náð samstarf á grundvelli sérstaks samkomulags (sbr. 3. gr. laga nr. 35/2007). Þetta stafaði að hluta til af því að stofnanirnar hefðu ekki komið sér saman um skiptingu þeirra safngripa sem Náttúrufræðistofnun varðveitti en báðar gerðu tilkall til. Fyrir bragðið hefði safnið hafið söfnun sambærilegra gripa. Að hluta til stöfuðu örðugleikarnir líka af því að verkefni stofnananna tveggja sköruðust. Báðum væri ætlað að safna, skrá, varðveita og rannsaka muni úr íslenskri náttúru og miðla þekkingu um þá til skóla, fjölmiðla og almennings. Sömuleiðis væri báðum ætlað eða a.m.k. gefinn kostur á að koma að sýningahaldi.

Ríkisendurskoðun benti á að vandi Náttúruminjasafns Íslands hefði að hluta til verið fyrirsjáanlegur þegar lög um það voru samþykkt árið 2007 og vísaði í því sambandi til umsagnar fjármálaráðuneytis (nú fjármála- og efnahagsráðuneytis) um frumvarpið. Þar hefði komið fram að engar áætlanir væru um uppbyggingu safnsins, rekstur eða fyrirhuguð útgjöld. Þá hefði við setningu laga um safnið verið fallið frá hugmyndum um að endurskoða lög nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur til að skýra verkaskiptingu stofnananna.

Meginniðurstaða Ríkisendurskoðunar árið 2012 var að óbreytt ástand Náttúruminjasafns Íslands væri á engan hátt viðunandi. Slíkt hlyti að teljast slæm nýting á fjármun-

Náttúruminjasafn Íslands er eitt af höfuðsöfnum landsins

Safnið enn á byrjunarreit árið 2012

Ekkert samstarf við Náttúrufræðistofnun þrátt fyrir ákvæði í lögum

Vandi safnsins fyrirsjáanlegur við stofnun þess árið 2007

Óbreytt ástand óásættanlegt

um og mannauði. Mikilvægt væri því að mennta- og menningarmálaráðuneyti tæki sem fyrst ákvörðun um starfsemi safnsins til framtíðar, uppbyggingu þess og umfang.

Tveir kostir: Að efla safnið eða ígrunda framtíð þess frá grunni

Að mati Ríkisendurskoðunar væri vart nema um tvo kosti að ræða. Annars vegar að efla verulega það litla og veikburða safn sem komið hefði verið á fót og setja því raunhæfa stefnu sem bæði mennta- og menningarmálaráðuneyti og fjárveitingarvaldið styddu í verki og leggja fram haldgóðar áætlanir, byggðar á traustum fjárhaglegum og faglegum grunni. Hinn kosturinn væri að staldra við og ígrunda framtíð Náttúruminjasafns Íslands í öðru samhengi en gert hefði verið til þessa. Þar kæmi m.a. til greina að fella lög um safnið úr gildi og sameina það Náttúrufræðistofnun Íslands eða gera það að háskólastofnun í samstarfi við Háskóla Íslands. Einnig taldi Ríkisendurskoðun að kanna mætti eldri hugmynd um stofnun Náttúruhúss í samvinnu ríkis, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands.

2.2 Viðbrögð við ábendingum og mat á þeim

Til að stuðla að æskilegum úrbótum beindi Ríkisendurskoðun tveimur ábendingum til mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2012. Sú fyrri laut að mikilvægi þess að lokið yrði við framtíðarstefnumótun fyrir Náttúruminjasafn Íslands. Í seinni ábendingunni var bent á nauðsyn þess að vanda til verka þegar ný löggjöf væri sett og nýjum stofnunum komið á fót.

2.2.1 Ábendingar til mennta- og menningarmálaráðuneytis

1. Móta þarf framtíðarstefnu fyrir Náttúruminjasafn Íslands

Við mótun framtíðarstefnu fyrir Náttúruminjasafn Íslands taldi Ríkisendurskoðun að horfa ætti sérstaklega til þess hvernig safnið gæti sem best sinnt lögbundnum verkefnum sínum og hvernig ríkisvaldið nýtti sem best þá fjármuni sem það veitti til safnastarfa. Meðal annars þyrfti að taka skýra afstöðu til þess hvar, hvernig og í samvinnu við hverja safninu yrði best fyrir komið til lengri tíma litið. Brýnt væri að stefnumótuninni yrði fylgt eftir með raunhæfum áætlunum og viðunandi fjárveitingum.

Í viðbrögðum sínum árið 2012 tók mennta- og menningarmálaráðuneyti undir að ljúka þyrfti stefnumótun fyrir starfsemi Náttúruminjasafns Íslands með viðunandi hætti. Í framhaldi af því þyrfti að gera áætlanir til nokkurra ára í senn um hvernig stefnunni yrði hrundið í framkvæmd, m.a. með því að tryggja nægt fé til starfseminnar og setja mál í þann farveg sem lög kveða á um. Framtíðarsýn ráðuneytisins fælist í því að safninu yrði gert kleift að gegna stöðu sinni sem höfuðsafn samkvæmt safnalögum og sinna lögbundnu hlutverki sínu með sóma. Helstu verkefni þess ættu að vera þekkingarmiðlun sem tæki mið af væntingum manna á 21. öld.

Þá tók ráðuneytið fram að hugmyndir þess um stefnumörkun fyrir Náttúruminjasafn Íslands lægju fyrir í drögum sem ráðherra hefði samþykkt í janúar 2010 og byggðu á stefnumótunarvinnu sem hófst á árinu 2008. Þessi drög hefðu verið send safnstjóra til kynningar og umsagnar og væri þar áætlun um fjölmargar aðgerðir. Hluti þeirra væri tímasettur (2010 og 2011) með fyrirvara um fjárveitingar og aðrar ákvarðanir stjórnvalda. Þótt sú tímaáætlun hefði ekki gengið eftir lýsti hún ýmsum nauðsynlegum skrefum við frekari uppbyggingu safnsins.

Stefnumótun sé fylgt eftir með raunhæfum áætlunum og fjárveitingum

Framtíðarsýn mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2012

Ríkisendurskoðun fylgdi skýrslu sinni frá árinu 2012 eftir með bréfi til mennta- og menningarmálaráðuneytis þann 5. desember 2014 og óskaði eftir upplýsingum um hvort bætt hefði verið úr þeim veikleikum sem bent hefði verið á. Í svari dagsettu 14. janúar 2015 kom fram að árið 2012 hefði starfshópur á vegum ráðuneytisins og Reykjavíkurborgar tekið að kanna þann möguleika að setja upp sýningu á náttúruminjum í Perlunni. Niðurstaðan hefði verið sú að húsnæðið gæti hentað fyrir grunn-sýningu Náttúruminjasafns Íslands og undirrituðu borgarstjóri og mennta- og menningarmálaráðherra viljayfirlýsingu þess efnis haustið 2012. Leigusamningur hefði verið undirritaður 13. mars 2013 sem mennta- og menningarmálaráðherra og fjármálaráðherra staðfestu með fyrirvara um samþykki Alþingis. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2014 hefði Alþingi síðan hafnað að veita safninu það framlag sem samningurinn og sýningahald á grundvelli hans kölluðu á. Ekkert hefði því orðið af verkefninu. Forstöðumaður safnsins hefði þess vegna farið að leita annarra leiða til að koma upp náttúruminjasýningu í Perlunni. Einkum hefði komið til álita þríhliða samstarf milli safnsins, Reykjavíkurborgar og fjárfestis sem legði til nauðsynlegt fjármagn. Samningaumleit-anir í þá veruna hefðu farið fram en niðurstaða lægi ekki fyrir.

Preifingar um sýningahald hafa ekki borið árangur árið 2015

Auk þreifinga um húsnæðismál Náttúruminjasafns Íslands hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti tekið til athugunar hugmyndir um mögulegar breytingar á fyrirkomulagi safna í eigu ríkisins. Í því sambandi hefur verið horft til tillagna hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar frá 11. nóvember 2013, m.a. tillögu um sameiningu yfirstjórna Náttúruminjasafns Íslands, Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Einars Jónssonar og Listasafns Íslands. Þessar umræður hafa ekki skilað niðurstöðum en ljóst má vera að viðlíka breytingar gætu haft áhrif á mörkun heildarstefnu í málefnum safnsins. Í samræðum Ríkisendurskoðunar við fulltrúa ráðuneytisins kom fram að ef ekkert verði af sýningahaldi safnsins í Perlunni verði allir möguleikar um framtíð þess teknir til skoðunar samhliða endurskoðun safnamála í heild.

Hugmyndir um breytt fyrirkomulag safna í eigu ríkisins

Síðastliðin ár hefur árangurslaust verið reynt að leysa húsnæðisvanda safnsins enda er aðgengi og afnot af viðunandi sýningarhúsnæði ein af forsendum þess að það geti uppfyllt lagalegar skyldur sínar sem höfuðsafn. Mikilvægi þess að leysa þann vanda má þó ekki fresta framtíðarstefnumótun safnsins að mati Ríkisendurskoðunar. Í svari mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 2015 kom fram að ákveðið hefði verið að láta þá vinnu bíða þar til ljóst yrði með sýningahald í Perlunni. Af svarinu má ráða að tryggt húsnæði til sýningahalds sé forsenda þess að safninu sé sett framtíðarstefna. Ríkisendurskoðun telur að vinna þurfi samhliða að þessu tvennu. Í þessu samhengi skal minnt á að í svörum mennta- og menningarmálaráðuneytis í janúar árið 2012 við fyrirspurnum Ríkisendurskoðunar kom fram að dráttur á stefnumótun fyrir safnið væri orsök þess að ekki hefði verið gengið frá áætlunum um uppbyggingu þess og rekstur.

Nauðsynlegt að vinna samhliða að stefnumótun og lausn húsnæðisvandans

Bæði í september og október 2012 kom fram í máli þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra á Alþingi að unnið væri að því að ljúka stefnumótun fyrir Náttúruminjasafn Íslands samhliða því að leita lausna á húsnæðisvanda þess. Auk þessa hefði verið unnið að því að greiða úr samskiptum safnsins við Náttúrufræðistofnun Íslands. Rúmum tveimur árum síðar, þ.e. 2. febrúar 2015, kom samt sem áður fram í ræðu núverandi ráðherra á Alþingi að ekki væri komin endanleg mynd á hvernig ætti að koma

Vandamál Náttúru- minjasafns Íslands hluti af stærri vanda

safnamálum náttúruminja í betra horf en þau hafa verið í um áratugaskeið og að hugsanleg sýning í Perlunni gæti ekki orðið ígildi höfuðsafns. Að mati ráðherra væru framtíðaráform um starfsemina fyrst og fremst háð því fjármagni sem væri veitt til málaflokksins hverju sinni. Í raun væri um að ræða hluta af miklu stærri vanda sem blasti við allri safnastarfsemi á vegum hins opinbera sem væri vanfjármögnuð.

Markmið of al- menn og ná ekki til allra verkefna safnsins

Undanfarin misseri hefur Náttúruminjasafn Íslands lagt megináherslu á að leita leiða til að koma upp sýningu á náttúruminum og efla þekkingarmiðlun að svo miklu leyti sem rekstrarfé þess hefur leyft. Framtíðarstefnumótun hefur ekki verið í forgrunni. Þó hefur verið hugað að henni með tilliti til þess að hún samræmist stefnu hinna höfuðsafna landsins og taki mið af þeirri stefnu sem unnið er að á vettvangi safnaráðs. Að mati Ríkisendurskoðunar eru þau markmið sem hafa verið leiðarljós starfseminnar of almenn auk þess sem þau taka einungis til hluta af lögbundnum skyldum safnsins. Þessi markmið þyrftu að vera hluti af heildstæðari stefnu sem tilgreindi m.a. hvernig og hvenær ætti að vinna að þeim og meta árangur þeirra.

Skýr stefna nauðsynleg

Ríkisendurskoðun hvetur bæði mennta- og menningarmálaráðuneyti og Náttúruminjasafn Íslands til að ljúka framtíðarstefnumótun fyrir safnið. Einar og sér leysa auknar fjárveitingar ekki þann vanda sem hlýst af óljósri framtíðarsýn. Skýr stefna er forsenda þess að fjárveitingum sé varið á hagkvæman, skilvirkan og árangursríkan hátt. Ríkisendurskoðun ítrekar því ábendingu sína að móta þurfi framtíðarstefnu fyrir Náttúruminjasafn Íslands og fylgja henni eftir með markvissum hætti.

Lagasetning vitni um vilja og stefnu stjórnvalda

2. Vanda þarf til verka þegar ný löggjöf er sett.

Í skýrslunni *Náttúruminjasafn Íslands* (2012) benti Ríkisendurskoðun á að vanda þyrfti til verka við lagasetningu og þegar nýjum stofnunum væri komið á fót. Í því sambandi var lögð sérstök áhersla á að vilji og stefna stjórnvalda kæmu skýrt fram og að lög og fjárveitingar væru í samræmi við þann vilja og þá stefnu. Einnig þyrfti að koma í veg fyrir að ábyrgð og verksvið stofnana sköruðust óeðlilega, m.a. með því að endurskoða þau lög sem helst gætu stangast á við ný lög.

Í viðbrögðum sínum, sem birt voru í skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2012, lýsti mennta- og menningarmálaráðuneyti sig sammála því að vanda þyrfti til verka þegar ný löggjöf væri sett og taldi sig hafa leitast við að vanda þau lagafrumvörp sem það legði fyrir Alþingi. Frá haustinu 2010 hefðu verið í gildi nýjar reglur um meðferð stjórnarfrumvarpa. Samkvæmt þeim skyldi forsætisráðuneyti leggja mat á þau auk þess sem fjármálaráðuneyti (nú fjármála- og efnahagsráðuneyti) mæti kostnað við framkvæmd þeirra. Ljóst væri að málefni Náttúruminjasafns Íslands hefðu að sumu leyti þróast á annan veg en gert hefði verið ráð fyrir og mætti því skoða hvort lögin hefðu reynst nægilega vel.

Ráðuneyti hvatt til að vanda áfram til verka og læra af reynslunni

Þegar Ríkisendurskoðun fylgdi þessari ábendingu eftir í desember 2014 svaraði ráðuneytið á þá leið að ekki hefði verið tilefni til frekari viðbragða vegna hennar. Eftir samtöl Ríkisendurskoðunar við fulltrúa ráðuneytisins telur stofnunin ekki ástæðu til að ítreka ábendingu sína en hvetur mennta- og menningarmálaráðuneyti til að vanda áfram til verka við lagasetningu og gera sitt ýtrasta til að koma veg fyrir að þeir ann-

markar sem sett hafa mark á starfsemi Náttúruminjasafns Íslands allt frá stofnun þess endurtaki sig.

2.3 Þróun og staða mála árið 2015

Þótt lítið hafi áunnist í stefnumótun fyrir Náttúruminjasafn Íslands undanfarin ár og blikur séu á lofti í húsnæðismálum þess hefur starfsemi þess glæðst nokkuð. Núverandi forstöðumaður tók til starfa í september árið 2013 en fyrir þann tíma var hann verkefnaráðinn um nokkurra mánaða skeið til að vinna að mögulegu sýningahaldi í Perlunni. Frá ráðningu hefur hann gengist fyrir fyrirlestrarhaldi á vegum safnsins á fjölbreyttum vettvangi, unnið að framgangi þess og eflt samstarf við opinberar stofnanir og einkaaðila.

2.3.1 Starfsemi

Náttúruminjasafn Íslands hefur hætt skipulagðri söfnun náttúrugripa og gerð hefur verið tilraun til að greiða úr áður nefndum samstarfserfiðleikum safnsins og Náttúrufræðistofnunar Íslands (sbr. kafla 2.1). Samkomulag um samstarf stofnananna var undirritað 22. október 2012. Þar var m.a. kveðið á um að Náttúrufræðistofnun Íslands skyldi veita Náttúruminjasafni Íslands greiðan aðgang að safnkosti sínum vegna sýninga og annarrar starfsemi safnsins, auk þess sem stofnunin myndi afhenda safninu til lengri tíma (*deponera*) þá muni sem yrðu hluti af grunnsýningu þess. Einnig var kveðið á um að safnið myndi í samræði við stofnunina aðstoða við uppsetningu sýninga, lán á gripum á sýningar og gerð varðveislusamninga við aðila víða um land.

Í samræmi við fyrrgreint samkomulag settu stofnanirnar á fót samráðshóp vegna sameiginlegra verkefna með sérstöku samkomulagi 26. nóvember 2014 og undirrituðu sama dag nákvæmara samkomulag um umsjón Náttúruminjasafns Íslands með lánsmunum úr söfnum Náttúrufræðistofnunar Íslands til sýninga og fræðslu. Samkvæmt því skyldi safnið hafa umsjón með varðveislusamningum og útlánum á munum til sýninga og fræðslu hjá þriðja aðila úr söfnum stofnunarinnar. Samráðshópurinn skyldi afgreiða allar beiðnir um útlán og fjalla a.m.k. árlega um alla varðveislusamninga sem safnið héldi sérstaka skrá yfir.

Telja má að framangreind tilhögun sé í samræmi við 3. gr. laga nr. 35/2007 um Náttúruminjasafn Íslands. Þar er kveðið á um náð samstarf stofnananna á grundvelli sérstaks samkomulags þeirra á milli, auk þess sem vísindasöfn Náttúrufræðistofnunar Íslands eru tilgreind sem undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins ásamt safnkosti þess sjálfs. Ríkisendurskoðun telur þó rétt að vekja athygli á að fyrrgreindir samningar fela ekki í sér útfærslu á bráðabrigðaákvæði laganna um að gripir sem tilheyra Náttúrufræðistofnun Íslands og hafa fyrst og fremst sýningargildi skuli vera á forræði safnsins frá og með gildistöku laganna. Aldrei hefur verið skilgreint hvaða gripi er hér um að ræða né hvað felist nákvæmlega í forræði safnsins yfir þeim. Í þessu sambandi ber einnig að hafa í huga að Náttúruminjasafn Íslands skortir raunverulegt bolmagn til að taka á sig þá ábyrgð sem felst í forræði yfir þeim sýningargripum sem eru í vörslu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Þegar til kom reyndist það Náttúruminjasafni Íslands einnig ofviða að uppfylla áður nefnt samkomulag sitt við Náttúrufræðistofnun Íslands frá 26. nóvember 2014, um

Starfsemi safnsins hefur glæðst árið 2015

Samkomulag um samstarf við Náttúrufræðistofnun Íslands frá 2012

Samkomulag um umsjón með lánsmunum frá 2014

Forræði yfir sýningargripum óútkljáð

Samkomulag um umsjón með lánsmunum fellt úr gildi í mars 2015

umsjón með lánsmunum úr söfnum þess. Þetta varð ljóst þegar safnið fékk ekki auknar fjárheimildir til að sinna þessu verkefni. Í mars 2015 sagði Náttúruminjasafn Íslands sig því frá þeim hluta samkomulagsins og í framhaldinu benti Náttúrufræðistofnun á að ekki gengi að uppfylla það aðeins að hluta til. Það teldist því fallið úr gildi, a.m.k. tímabundið. Sem stendur er því ekkert samkomulag í gildi um útlán sýningargripa milli stofnananna og hefur sú staða nú þegar haft óæskileg áhrif á samstarf þeirra.

Skýra þarf hlutverkaskiptingu safnsins og Náttúrufræðistofnunar

Samkvæmt bréfi forstöðumanns Náttúruminjasafns Íslands frá 4. maí 2015 til Ríkisendurskoðunar greinir stofnanirnar enn á um forræði yfir sýningargripum sem Náttúrufræðistofnun Íslands varðveitir, auk þess sem þær gera að nokkru leyti tilkall til sömu verkefna. Vegna þess hversu treglega hefur gengið að koma á eðlilegu samstarfi telur Ríkisendurskoðun mikilvægt að kannað verði hvort þörf sé á að endurskoða þann lagaramma sem stofnununum er settur. Fyrir liggur að hlutverk þeirra og verkefni skarast og að engar breytingar hafa verið gerðar á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur sem taka tillit til laga um Náttúruminjasafn Íslands eða safnalaga.

Aukin verkefni safnsins á sviði miðlunar

Þrátt fyrir þessa hnökra hefur starfsemi Náttúruminjasafns Íslands smám saman orðið fjölbreyttari með aukinni áherslu á þekkingarmiðlun og rannsóknasamstarf. Í febrúar 2014 undirritaði safnið samstarfssamning við Hið íslenska náttúrufræðifélag um ritstjórn og útgáfu tímaritsins *Náttúrufræðingsins*. Í samningnum er ritstjóri tímaritsins skilgreindur sem starfsmaður safnsins og deila samningsaðilar með sér heildarkostnaði útgáfunnar. Í mars 2014 hleypti safnið einnig af stokkum nýrri heimasíðu með upplýsingum um starfsemi sína.

Samstarf safnsins við Háskólann á Hólum og Háskóla Íslands

Þá hefur safnið gert verkefnasamninga við innlendar háskólastofnanir. Í september 2014 undirrituðu það og Háskólinn á Hólum rammasamkomulag um samstarf stofnananna. Á grundvelli þess hefur safnið gert verkefnasamkomulag við Fiskeldis- og fiskalíffræðideild skólans um rannsókn á líffræðilegum fjölbreytileika helstu lífveruhópa landsins með áherslu á hryggdýr. Verkefnið hófst í janúar 2014 og mun standa allt til ársloka 2017. Í janúar 2015 undirrituðu Náttúruminjasafn Íslands og Líffræðistofa Háskóla Íslands sömuleiðis verkefnasamkomulag um að rannsaka fornlíffræði og náttúrusögu rostunga við Ísland. Áætluð verklok eru einnig á árinu 2017.

Margvíslegt samstarf um rannsóknir

Safnið kemur einnig að þrjúþættu verkefni í samstarfi við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, Rannsóknarsetur í safnafræðum og fleiri á sviði skráningar, miðlunar og varðveislu náttúruminja undir heitinu *Gögn í söfnum – gagnast söfn?* Ráðgert er að því verkefni verði lokið fyrir árslok 2018. Þá hefur safnið hafið samstarf við RORUM ehf., Náttúrufræðistofu Kópavogs og fleiri aðila um rannsóknir á þörungum og kröbbum og mat á stöðu rafrænnar gagnaskráningar, vörslu og miðlun rafrænna gagna á vegum safnsins. Fleiri samstarfsverkefni um rannsóknir og miðlun á sviði náttúrufræða og sögu þeirra eru í farvatninu þar sem safnið leggur ýmist fram sérfræðiþekkingu, vinnuáðstöðu eða aðgengi að safnkosti sínum og safnkosti Náttúrufræðistofnunar Íslands samkvæmt samkomulagi stofnananna þar um.

Að lokum má geta þess að Náttúruminjasafn Íslands tekur þátt í samsýningunni *Sjónarhorn – ferðalag um íslenskan myndheim* sem var opnuð í Safnahúsinu við Hverfisgötu í apríl 2015. Að henni standa höfuðsöfnin Þrjú, þ.e. Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafns Íslands, auk Þjóðskjalasafns Íslands, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sýningin mun standa í fimm ár sem grunnsýning um sjónrænan menningararf Íslendinga, auk þess sem stofnanirnar sem að henni standa munu hver um sig sýna valda kjörgripi til skemmri tíma.

2.3.2 Húsnæðismál

Eins og rakið var í svörum mennta- og menningarmálaráðuneytis (sjá kafla 2.2) varð það niðurstaða starfshóps ráðuneytisins og Reykjavíkurborgar í október 2012 að mögulegt væri að koma upp sýningu á vegum Náttúruminjasafns Íslands í Perlunni. Ýmsar breytingar voru þó taldar nauðsynlegar svo að þar mætti hýsa grunnsýningu safnsins um náttúruminjar. Á þeim tíma kom fram að ef hugmyndin ætti að teljast raunhæf til lengri tíma litið og ætlunin væri að hýsa alla starfsemi Náttúruminjasafns Íslands þyrfti að ráðast í verulegar viðbyggingar. Markmiðið væri fyrst og fremst að finna lausn sem gerði safninu kleift að reka sýningu sem væri aðgengileg almenningi og ferðamönnum.

Náttúruminjasafn Íslands og Eignasjóður Reykjavíkur undirrituðu 15 ára samning um leigu safnsins á Perlunni í mars 2013 með fyrirvara um samþykki Alþingis. Hann var óuppsegjanlegur nema samið yrði um annað og kvað á um að vísitölubundið leigugjald yrði um 80 m.kr. á ári. Í fjárlögum ársins 2013 ákvað Alþingi að veita 400 m.kr. vegna stofnkostnaðar sýningarinnar og í frumvarpi til fjárukalaga fyrir sama ár var safninu heimilað að leigja húsnæði í Perlunni. Þessar ákvarðanir voru síðan dregnar til baka við samþykkt fjárukalaga ársins 2013 og fjárlaga ársins 2014. Ekkert varð því af leigunni.

Náttúruminjasafn Íslands hafði í framhaldinu forgöngu um að móta hugmyndir um nýja rekstrartilhögun vegna mögulegrar náttúruminjasýningar í Perlunni. Í því sambandi fóru fram viðræður milli safnsins, Reykjavíkurborgar og fjárfestingarfélagssins Landsbréfa Icelandic Tourism Fund I slhf. Byggt var á þeirri hugmynd að sjálfstætt rekstrarfélag í sameiginlegri eigu Reykjavíkurborgar og fjárfestingarfélagssins ræki og stæði straum af stofnkostnaði sýningarinnar. Hluti þess kostnaðar væri fólgin í greiðslu til Náttúruminjasafns Íslands vegna hugmyndavinnu, hönnunar og uppsetningar á sýningunni í samræmi við faglegar kröfur. Rekstrarfélagið myndi sjá um daglegan rekstur sýningarinnar og tengdrar starfsemi, þ. á m. veitingasölu, verslun, húsvörslu og miðasölu, auk safnfræðslu og leiðsagnar með aðkomu safnsins. Landsbréf Icelandic Tourism Fund I slhf. legði rekstrarfélaginu til stofnfé gegn arðgreiðslum af rekstrinum en Reykjavíkurborg legði því til húsnæði gegn leigugreiðslum sem væru háðar afkomu þess. Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands yrði því einkum að móta efnistöð og fræðilegt inntak sýningarinnar, leggja til muni og minjar, hafa umsjón með sýningahaldi og sinna viðhaldi á sýningunni gegn greiðslu frá rekstrarfélaginu.

Í samtölum Ríkisendurskoðunar við forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands og fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis kom fram skýr vilji til að skuldbindingum ríkissjóðs yrði haldið í lágmarki ef af yrði. Þó var talið einsýnt að aukin umsvif og virkari

Þátttaka í samsýningu í Safnahúsinu árið 2015

Unnið að sýningahaldi í Perlunni árið 2012

Alþingi féll frá fjárveitingu til verkefnisins

Áform um samstarf við Reykjavíkurborg og fjárfesti um sýningu í Perlunni

Fjárhagslegir annmarkar og lagaleg álitamál

starfsemi safnsins kallaði á auknar fjárveitingar, t.a.m. ef útvega þyrfti sérstaka gripi til sýningarinnar. Einnig benti ráðuneytið á að ýmis álitamál gætu komið upp við frekari útfærslu samstarfsins. Til að mynda væri verðmæti þeirra muna og minja sem safnið hefur yfir að ráða mikið og gætu útlán þeirra til sýningahalds einkaaðila í hagnaðarskyni falið í sér lagalegar takmarkanir. Má í því sambandi m.a. benda á 3. gr. safnalaga nr. 141/2011 sem kveður á um að söfn skuli starfa í þágu almennings og ekki rekin í hagnaðarskyni.

Þríhliða samstarf um sýningu í Perlunni hlaut ekki brautargengi

Drög að viljayfirlýsingu um framgang verkefnisins voru tekin til athugunar hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti í september 2014 og fundað var um það með hlutaðeigandi aðilum í upphafi árs 2015. Ráðuneytið skilaði nýjum drögum til Landsbréfa Icelandic Tourism Fund I slhf., Reykjavíkurborgar og forstöðumanns Náttúruminjasafns Íslands í mars 2015. Í athugasemdum forstöðumanns Náttúruminjasafns Íslands við drög að skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 4. maí 2015 kom fram að eftir að málið hafði verið tekið til umfjöllunar í fjárfestingaráði Landsbréfa Icelandic Tourism Fund I slhf. hefði sjóðurinn sagt sig frá verkefninu og borið við litlum áhuga ráðuneytisins. Ráðuneytið hefur andmælt þeirri túlkun í tölvupósti til Ríkisendurskoðunar og bent á að sá tími sem það tók sér til að móta ásættanlega viljayfirlýsingu um verkefnið hafi verið nauðsynlegur til að tryggja vandaðan undirbúning þess. Sú vinna hafi m.a. miðað að því að skýra ábyrgðarstöðu Náttúruminjasafns Íslands og hafi niðurstaða ráðuneytisins um hana verið í samræmi við upphaflegar hugmyndir fjárfestingarsjóðsins.

Fleiri möguleikar á sýningahaldi til athugunar

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu hefur forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands ekki útilokað að til sýningahalds á þess vegum gæti komið í samvinnu við aðra opinbera aðila og/eða einkaaðila. Perlan sé eftir sem áður ákjósanlegt húsnæði fyrir sýningu á náttúruminum og fjölmargir fagaðilar, þ. á m. Hið íslenska náttúrufræðifélag, hafi tekið í sama streng. Öðrum möguleikum hafi einnig verið velt upp, t.a.m. hafi bæjaryfirvöld í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ viðrað áhuga sinn á að veita safninu húsnæði til sýningahalds, auk þess sem rekstrarfélag tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu hafi lýst yfir áhuga á samstarfi um náttúruminjasýningu.

Skýr stuðningur ráðuneytis nauð- synleg forsenda sýningahalds

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að skýr og afdráttarlaus vilji mennta- og menningarmálaráðuneytis sé frumskilyrði þess að ráðist verði í sýningahald á vegum Náttúruminjasafns Íslands eða í samstarfi við það. Ráðherra mennta- og menningarmála hefur lýst þeirri skoðun sinni, bæði á Alþingi og í fjölmiðlum, að sýning á borð við þá sem fyrirhuguð var í Perlunni sé ekki ígildi þess náttúruminjasafns sem stefna bæri að. Jafnframt hefur komið fram að ekki verði ráðist í nýbyggingu fyrir Náttúruminjasafn Íslands á næstu árum. Að mati Ríkisendurskoðunar verður farsæl lausn húsnæðismála safnsins ekki tryggð nema stefnumótun fyrir safnið til framtíðar liggja ljós fyrir og lagarammi þess sé skýr.

Sýningahald aðeins eitt margra hlutverka safnsins

Þá ber að hafa í huga að sýningahald og miðlun er einungis hluti af skyldum safnsins. Sýningahald í Perlunni, eða annars staðar, í samstarfi við aðra aðila yrði því aðeins tímabundin lausn á hluta þess vanda sem safnið hefur þurft að glíma við frá stofnun. Eftir sem áður yrði geta þess til að sinna lögbundnum verkefnum sínum sem höfuðsafn takmörkuð ef ekki koma til breytingar á þeim rekstrarskilyrðum sem því eru búin. Í þessu sambandi ber þó að geta að safnkosti þess eru nú þegar tryggð góð geymslu-

skilyrði í húsakynnum Náttúrufræðistofnunar Íslands sem hefur einnig gefið vilyrði fyrir tímabundinni starfsaðstöðu fyrir starfsmenn safnsins gerist þess þörf.

Náttúruminjasafn Íslands hefur í tæp fimm ár haft skrifstofuaðstöðu sína í Loftskeyta-
stöðinni að Brynjólfsgötu 5 og rekið starfsemi sína þaðan. Leigusamningi safnsins um
það húsnæði var sagt upp 1. febrúar árið 2015 skömmu áður en Háskóli Íslands tók
formlega við yfirráðum og umsjón hússins af Þjóðminjasafni Íslands. Samkvæmt
samningi þar um ber Háskólanum að finna húsinu viðeigandi hlutverk í þágu skólans
sem hæfir sögu þess. Þar er sérstaklega litið til skipulags-, umhverfis-, og/eða menn-
ingarfræða og að saga hússins á sviði fjarskipta verði sýnileg.

Skrifstofuaðstaða
safnsins í óvissu

Forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands hefur lýst yfir ótvíræðum vilja sínum til að
vinna að uppbyggingu safnsins í Loftskeytastöðinni og styrkja samband þess við Há-
skólann. Óformlegt vilyrði hefur fengist fyrir því að safnið geti um sinn haldið aðstöðu
sinni í húsinu en uppsagnarfrestur leigusamningsins rennur út 1. júlí 2015.

Þrátt fyrir þessa óvissu telur Ríkisendurskoðun að ummæli bæði forstöðumanns Nátt-
úruminjasafns Íslands og fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis gefi fyrirheit
um að safninu verði tryggt viðunandi húsnæði fyrir skrifstofuhald sitt. Að mati Ríkis-
endurskoðunar verður þó að líta á húsnæðiseklu safnsins sem hluta af vanda þess en
ekki rót hans. Án tilhlýðilegs stuðnings löggjafar- og framkvæmdavaldsins við lög-
bundna starfsemi safnsins er þess vart að vænta að því takist að uppfylla hlutverk sitt.

Safnið þarf stuð-
ning löggjafar- og
framkvæmda-
valds

2.4 Framtíðarhorfur

Ríkisendurskoðun telur að núverandi staða Náttúruminjasafns Íslands sé ekki ásættan-
leg. Á því níu ára tímabili sem safnið hefur starfað (2007–15) hefur ríkissjóður veitt því
alls 218,6 m.kr. framlag. Að auki hafa sértekjur þess numið 6,1 m.kr. Árlegt rekstrarfé
þess hefur því að jafnaði numið tæpum 25 m.kr. Þess ber þó að geta að 21 m.kr.
fjárheimild var felld niður á árunum 2009–10.

Árlegt rekstrarfé
um 25 m.kr.

2.1 Rekstur Náttúruminjasafns Íslands skv. ríkisreikningi árin 2007–15 í m.kr.

Ár	2007–11	2012	2013	2014*	2015**
Framlög	119,1	22,1	23,0	29,9	24,5
Sértekjur	3,7	0,2	0,0	2,2	
Gjöld	100,8	21,6	27,7	28,6	
Afgangur/Halli	22,3	0,7	-4,7	3,5	
Niðurfellt	21,0				
Höfuðstóll í árslok	1,0	1,7	-3,0	0,5	

* Rekstartölur skv. fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orra).

** Fjárheimildir ársins 2015 skv. fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orra).

Eins og tafla 2.1 sýnir hefur rekstur Náttúruminjasafns Íslands verið bágborinn og
ómarkviss frá upphafi. Slíkt þarf ekki að koma á óvart þegar haft er í huga að engar
áætlanir lágu fyrir um rekstur þess, uppbyggingu eða fyrirhuguð útgjöld þegar stofnað
var til þess árið 2007. Til þessarar sömu ástæðu má rekja þá ákvörðun að fella 21 m.kr.
uppsafnaða fjárheimild niður árin 2009–10, þ.e. féð hafði ekki verið nýtt til rekstrar.
Sem stendur er forstöðumaður safnsins eini fastráðni starfsmaður þess auk ritstjóra

Reksturinn bág-
borinn og ómark-
viss frá upphafi

Ósamræmi milli
lögbundinna
skyldna og
fjárveitinga

Náttúrufræðingsins sem er í 25% starfi. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 2014 var höfuðstóll safnsins jákvæður um 0,5 m.kr.

Fjárheimildir Náttúruminjasafns Íslands hafa sett starfsemi þess þröngar skorður allt frá stofnun þess og að einhverju leyti hindrað safnið í að uppfylla lögbundnar skyldur sínar. Þau verkefni sem það hefur ráðist í eða lagt grunn að á undanförunum árum bera þess merki. Því skal þó haldið til haga að starfsemi safnsins síðastliðin ár ber ekki síður vott um eindreginn vilja til að sinna verkefnum á sviði rannsókna, miðlunar og sýningahalds af metnaði.

Taka þarf
ákvörðun um
fram tíð safnsins

Framtíð Náttúruminjasafns Íslands er enn háð mikilli óvissu. Árið 2012 hvatti Ríkisendurskoðun mennta- og menningarmálaráðuneyti til að taka af skarið um framtíð þess. Sú ábending á enn rétt á sér. Full ástæða er til að rifja upp að árið 2012 voru tveir valkostir í boði að mati Ríkisendurskoðunar. Annars vegar að efla starfsemi safnsins, setja því raunhæfa stefnu og gera því kleift að starfa í samræmi við hana. Að öðrum kosti yrði að huga að því hvort safnið gæti starfað áfram í óbreyttri mynd og á óbreyttum lagagrundi. Komi til endurskipulagningar safnamála hins opinbera á þeim nótum sem svör mennta- og menningarmálaráðuneytis hafa gefið til kynna er mikilvægt að gaumgæfa alla raunhæfa kosti í stöðunni.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is